

Alþingi
Erindi nr. P 137/238
komudagur 18.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 15. júní 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, þskj. 37 - 37. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. BSRB gerir engar athugasemdir við efni þess.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. þ 137/338
komudagur 23.6.2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 11. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál, EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum.

FÍS telur að umrætt frumvarp sé að mörgu leyti frekar óskýrt og hugtök ekki skilgreind með fullnægjandi hætti. Fyrirmynd þess eru m.a. lög nr. 27/2004 um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og ljóst að ekki hefur verið vikið frá þeirri fyrirmynd nema að litlu leyti. Frumvarpið gefur tilefni til þeirrar spurningar hvort nauðsynlegt sé að setja sérstök lög hvað varðar aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. Einfaldara hefði verið að gera breytingar á öðrum lögum þannig að viðkomandi lög giltu einnig um aðild starfsmanna við millilandasamruna. Fyrirnefnd lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum sem og lög nr. 44/2007 um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum hefðu betur verið sett sem einn lagabálkur og hefði þá verið hægt að gera breytingar á honum nú í takt við efni þessa frumvarps.

II. Ábendingar

Ef frumvarp þetta verður lagt fram í núverandi horfi þá vill FÍS koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Hugtakið stjórnarstofnun

Ofangreint hugtak er að finna á mörgum stöðum í frumvarpinu en það er ekki skilgreint sérstaklega í orðskýringum. Hugtakið er t.d. að finna í lögum um Evrópufélög nr. 26/2004 og má lesa af lögnum að það sé yfirhugtak yfir þær stjórnir sem í félaginu eru en í Evrópufélögum er stjórnkerfið annað hvort einþætt eða tvíþætt. FÍS leggur til að kveðið verði á um merkingu þessa hugtaks í orðskýringum.



- fyrir íslenska verslun

3. mgr. 19. gr. – Viðurlög

Málgreinin er svohljóðandi: „Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.“ Ljóst er að þessi grein hefur verið tekin upp úr frumvörpum þeim sem urðu að lögum nr. 27/2004 og nr. 44/2007 en málgreinin hefur verið fjarlægð úr þeim lögum með tilkomu laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. FÍS leggur til að greininni verði breytt með eftirfarandi hætti:

- *Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.*

FÍS hefur ekki fleiri ábendingar og gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið. Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



- fyrir íslenska verslun



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og skiluðu SA þá inn umsögn um frumvarpið auk þess sem SA tók undir þau sjónarmið sem fram komu í mjög ítarlegri umsögn SFF um frumvarpið.

Hugtakanotkun

Nokkrar orðalagsbreytingar hafa nú verið gerðar á frumvarpinu auk þess sem þar er nú að finna skilgreiningu á hugtökunum „samruni“ og „samrunafélag“ sem ekki var í fyrra frumvarpi, en vöntun á slíkum skilgreiningum var eitt af því sem bent var á í umsögn SFF um fyrra frumvarpið.

Það er hins vegar bagalegt að hin nýja skilgreining á „samrunafélagi“ er ekki í samræmi við notkun sama hugtaks í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 (sjá sérstaklega 120. gr.) og í lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 (sjá sérstaklega 95. gr.). Í þessum lagabálkum er hugtakið „samrunafélag“ notað yfir þau félög sem aðild eiga að samruna en um slík félög notar frumvarpið hugtakið „þáttökufélög“. Í þessum lagabálkum er félag sem tekur yfir annað félag hins vegar nefnt yfirtökufélag og það félag sem tekið er yfir nefnt yfirtekna félagið.

Í frumvarpinu er enn fremur að finna innbyrðis ósamræmi í hugtakanotkun, en í 7. tl. 3. gr. frumvarpsins er millilandasamruni skilgreindur sem samruni „þar sem samrunafélag lýtur löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu“. Þarna hlýtur að vera átt við samruna þar sem þáttökufélög lýtur löggjöf minnst tveggja ríkja, enda getur það félag sem verður til við samruna aldrei lútið löggjöf tveggja ríkja.

Í því frumvarpi sem nú er lagt fram er gerð sú breyting frá eldra frumvarpi að í stað hugtaksins „stofnun“ félags er notað hugtakið „stjórnarstofnun félags“. Stjórnarstofnanir hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt íslenskum lögum eru alla jafna þrjár, framkvæmdastjóri, félagsstjórn og hluthafafundur. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er þó vísað til framkvæmdastjórna þáttökufélaga sem er stjórnarstofnun sem ekki er viðurkennd í íslenskum rétti, ólíkt því sem gildir í sumum öðrum ríkjum. Í



Í 15. gr. frumvarpsins eru reglur um rétt starfsmanna þess félags sem verður til við samruna til að eiga fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn félagsins. Væntanlega á grein þessi eingöngu við þegar félagið sem verður til við milliríkjasamrunann verður skráð hér á landi og verður þar með íslenskt félag. Þetta er þó ekki nægilega skýrt í frumvarpinu. Þetta verður enn ruglingslegra þar sem frumvarpsgreinin notar hugtakið „eftirlitsstjórn“ sem er stjórnarstofnun sem á sér ekki stoð í íslenskum rétti.

Vernd áunninna réttinda

Í 2. gr. frumvarpsins segir að markmið þess sé að vernda áunninn rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga. Er þetta í samræmi við formálsorða tilskipunarinnar þar sem tekið er fram að ef starfsmenn hafi þátttökurétt í einu af samrunafélögunum og ef landslög aðildarríkis þar sem félag sem verður til við samruna yfir landamæri er skráð kveður ekki á um sömu þátttöku, skuli setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann.

Ekki er skilgreint í frumvarpinu hvað átt er við með áunnum réttindum í þessu sambandi, en ástæða hefði verið að skýra það nánar þar sem ekki er að finna í íslenskum lögum ákvæði um aðild eða þátttöku starfsmanna í stjórnun eða við samruna félaga.

Samtök atvinnulífsins telja að orða þurfi 1. gr. og 14. gr. frumvarpsins um gildissvið laganna mun skýrar en gert er, þannig að ekki fari milli mála að lögin gildi einungis í þeim tilvikum þar sem um er að ræða samruna félaga milli landamæra þar sem starfsmenn annars hvors félagsins hafi þá þegar áunnið sér rétt til þátttöku og aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi þess. Slíkt verður ekki lesið á auðveldan hátt af frumvarpinu, nema með samanburði við tilskipunina sjálfa og þá sérstaklega formálsorð hennar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. **P** 137/321
komudagur 22.6.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 22. júní 2009

Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar:

Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál.

SFF taka undir umsögn Samtaka atvinnulífsins um þetta mál.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir